

Kennsluáætlun fyrir 4.-5. bekk skólaárið 2021-2022

Íslenska

Íslenska er samþætt við samfélagsfræði og náttúrufræði á haust- og vorönn. Þættir sem þar eru æfðir eru lestur, skrift og réttitun.

Haustönn 2021

Tímabil 23.08-17.09	Norræn goðafræði er samþætt við íslensku. Áður fyrr var heimur guðanna stöðugt til staðar í náttúrunni fyrir norrænu fólki, en líka innan hvernar manneskju. Völuspá segir frá bæði fortíð og framtíð. Jötnar, ásar og manneskjur stíga fram, Óðinn, Þór, Freyja, Loki, Íðunn, Baldur og allir guðirnir geta í öllum sínum ólíku myndum táknað allt það sem rúmast inni í okkur, sem við þurfum að þekkja til þess að geta þroskast áfram í einstakling. Í norrænu goðafræðinni er línan á milli góðs og ills ekki alveg skýr. Loki er bæði sjálfelskur og örlátur, slyngur og lætur snúa á sig, bæði kona og maður en líka sá sem með sínum ódæðisverkum knýr þróunina áfram. Að lokum eru Ragnarök, heimurinn hrynur en einungis til þess að rísa aftur upp úr öskunni í nýrri mynd. Það gamla þarf stundum að fara til þess að nýtt geti spírað. Tilvistarlegt val, prófun hugrekki, að þurfa að gefa frá sér suma hluti til þess að geta haldið áfram og stöðugt breytast í takt við gjörðir sínar er mótíf sem 10 ára barnið bæði kann og þarf að fá að tengjast. Fyrir utan Edduna með Völuspá, Hávamál og norrænar hetjusögur, hefur Kalevala líka tiltekinn stað í efni þessa bekkjar. Nemendur mála myndir tengdar sögum úr goðafræðinni og vinna samhliða texta í vinnubók. Áhersla er lögð á frásögn, ritun og skilning.
------------------------	---

Vorönn 2022

Tímabil 28.02-25.03	Sögur úr norrænu goðafræðinni, Völuspá og Kalevala eru áfram þema íslensku kennslunnar. Upprifjun á orðflokum og orðflokkgreiningu, andheiti og samheiti, eintala og fleirtala. Nemendur vinna með ljóð, kvæði og ferskeytlur sem og rím og hrynjanda, æfa leikrit með þema úr norrænu goðafræðinni og flytja fyrir áhorfendum.
------------------------	---

Stærðfræði

Stærðfræði er samþætt við formfræði á haustönn og myndlist á vorönn.

Haustönn 2021

Tímabil 20.09-22.10	Upprifjun á reikningsaðgerðunum fjórum, samlagning, frádráttur, margföldun og deiling. Almenn hugtök í stærðfræði rifjuð upp svo sem einingar, tugur, hundruð og þúsundir, sléttar tölur og oddatölur. Upprifjun á klukkunni, bæði flaurænni og stafrænni. Hugarreikningur eflur.
------------------------	---

Vorönn 2022

Reikningur Tímabil 18.04-13.05 16.05-10.06	Brotareikningur er kynntur, að deila heildinni er bæði spennandi en líka fyrir marga erfitt skref í stærðfræðinni, að uppgötva að því fleiri bitar því minni einingar. Með því að klippa og brjóta blöð, baka og deila kökum og svipað getur kennslan verið bæði auðskiljanlegri, áþreifanlegri (konkret) og höfðað til hins listræna í barninu. Í formfræði fara nemendur nú í mun flóknari tvívíð form, í tengslum við víkingaþemað
---	--

Waldorfskólinn í Lækjarbotnum

	er mjög hentugt að vinna með norræn fléttumynstur og skreytingar (ornamentik). Með því að blekkja augað með línunum sem fara ýmist undir eða yfir hver aðra skapa nemendur rými í myndinni.
--	---

Erlend tungumál

Enska

Tímabil 20.09-22.10	Mikilvægi þess að nemendur upplifi tungumálið sem heild og eru kennslustundir því margbreytilegar og einkennast af samskiptum á ensku. Dans, leikir, takt æfingar, samræður, ljóð, sögur, hlustun, talað mál, textar og skriftar æfingar sem virkja öll skilningarvit. Mikilvægt að nemendur æfi og eignist orðaforða sem gerir þeim kleift að segja frá sjálfum sér, áhugamálum sínum, fjölskyldu og aldurstengdu viðfangsefni. Málfræðikennsla í ensku fylgir kennslu í íslenskrí málfræði.
------------------------	---

List- og verkgreinar

Nemendum er skipt niður í tvo hópa, annar hópur er í smíði en hinn í textílmenn. Kennt er daglega í fjórar kennslustundir í senn, í millitíma og eftir hádegi.

Handavinna

Haustönn Tímabil 23.08-17.09	Nemendum er skipt niður í tvo hópa, annar hópur er í smíði en hinn í textílmenn.
29.11-17.12	Verkeni vetrarins er krosssaumur. Nemendur teikna mynd sem svo er spegluð allt frá tvisvar upp í fjórum sinnum og teiknuð á rúðustrikað blað. Það er myndin sem nemendur sauma út í striga og verður svo hluti af púða sem kennari saumar saman. Lagt er upp úr að nemandi saumi hvern kross fyrir sig sem tengir einnig nemenda við sjálfan sig. Nemendur nota ullargarn í krosssauminn og java nál.
Vorönn 03.01-28.01 18.04-13.05	.

Smíði

Haustönn	Nemendum er skipt niður í tvo hópa, annar hópur er í smíði en hinn í textílmenn.
Tímabil 23.08-17.09	4 bekkur. Í tálgun lærum við að þekkja helstu trjátegundir í skóginum og fellum birkitré. Við lesum þannig í nærumhverfið. Við syngjum lög sem tengjast verkefninu sem er að búa til perlur og allir læra að kveikja upp í kamínunni. Þrjár kúlulaga perlur mótast á sömu grein og verða að dýrindis hálsmeni og ein perlan gefum við á basar til að styrkja þessa tilfinningu að þau séu hluti af heildinni.
29.11-17.12	
Vorönn 03.01-28.01 18.04-13.05	5 bekkur. Í tálgun skoðum við skóginn að vetri og lærum að þekkja helstu tegundir og fellum birkitré. Við tengjum námið í dýrafræðina og allir tálga mús og fugl og við syngjum lög um þessi dýr og hlustum á dýrasögur við eldinn.

Tónlist

Haustönn Tímabil 28.02-08.04	Brot og brotareikningur verða hluti af tónlistarkennslu þar sem nemendur geta til dæmis í flautuspili eða með takt æfingum fengið að vinna með heilar og hálfar nótur, einn fjórði, áttundi ofl.
------------------------------------	--

Waldorfskólinn í Lækjarbotnum

	Í tónlistarkennslu munu nemendur 4.-5. bekkjar æfa og flytja lög í leikriti sem tengist goðafræðinni.
--	---

Leiklist

Samþætt við mannkynssögu og íslensku	Nemendur æfa leikrit og flytja fyrir áhorfendum.
Tímabil	Lögð er áhersla á bekkinn sem heild, að nemendur séu hluti af heild/hóp sem mætir heiminum saman og öllum þeim áskorunum sem því fylgir. Saman gerum við leiklistaræfingar, leiki og ævintýri. Nemendur fá leiðbeiningar og við æfum saman mismunandi hlutverk, setjum upp leikmynd, æfum söng og spilum á hljóðfæri.

Myndlist

Haustönn Tímabil 01.11-26.11	Nemendur hafa öðlast betri stjórn á vatnslitum, blaði og pensli. Hreyfing og lita upplifanir eru nú áþreifanlegri. Hvernig hreyfir einn litur sig og hvernig breytist hann þegar annar litur bætist við. Hvaða litir eru hlýir og hvaða litir eru kaldir. Sögur úr norrænu goðafræðinni eru sagðar og börnin mála út frá sögunum.
Vorönn Tímabil 31.01-25.02	Nemendur mála dýra mótíf út frá litunum í þeirra umhverfi, fiskar koma úr öldum í vatninu. Kýr, íkornar, geitur o.fl. Hvað gerist í manneskjunni þegar náttúran ummyndast. Að sjá náttúruna vakna upp eftir kaldann og frost mikinn vetur og upplifa muninn í litaflórunni. Mismunandi tækni og aðferðir æfðar ásamt því að vinna með leir.

Samfélagsfræði

Samfélagsfræði er samþætt við íslensku.

Haustönn

Mannkynssaga Haustönn Tímabil 29.11-17.12	Í mannkynssögu eru Norðurlöndin frá ísöld og fram að kristnitöku á norðurlöndum þemað. Það hefur upphaf sitt í jarðfræði og landafræði. Nemendur leita eftir sporum ísaldarjökulsins og velta fyrir sér hvaða þýðingu umhverfi og loftslag hefur haft á þróun manneskjunnar á Norðurlöndum. Fyrstu minjar eftir mannfólkið á Norðurlöndum, landnám Íslands, fornleifafundir, skriflegar og munnlegar heimildir. Hella myndir og rúnir verða skilaboð til okkar frá liðnum tímum og nemendur fá að rannsaka og teikna þessa hluti. Hugvitsemi manneskjunnar, geta til að temja dýr, kunnáttan um að betrumbæta listina við málmvinnslu er lyft fram sem eitthvað sem skapaði okkur manneskjum nýjar forsendur. Ísöld, steinöld og bronsöld verða skýr hugtök fyrir börnunum. Víkingatíminn þegar stærri samfélög voru stofnuð og manneskjur frá Norðurlöndum fóru út í heim til að versla eða ræna, þema eins og fjölskyldudeilur, frjálsir ríkisborgarar og þrælar, ásatrú og byrjun kristindómsins.
--	---

Náttúrufræði

Náttúrufræði er samþætt við íslensku.

Dýrafræði Tímabil Haustönn 31.01-25.02	Val manneskjunnar til að velja hið góða eða illa, að nota hendur sínar einungis fyrir sjálfan sig eða fyrir aðra og að gefa eða taka eru þema sem við skoðum meðal annars í líffræðinni með því að bera saman manneskjuna og dýrin, lifnaðarhættir dýra í mismunandi umhverfi sem sýnir okkur aðlögun dýranna þegar kemur að mismunandi skynfærum, líffærum og útlimum. Dýr geta gert magnaða hluti í samanburði við okkur manneskjur, þau geta hlaupið hraðar, hoppað hærra, séð betur/skarpari, legið í dvala, en þau eru alveg háð því
---	---

Waldorfskólinn í Lækjarbotnum

Vorönn Náttúrufræði 07.02-25.02	loftslagi og umhverfi sem þau eru aðlöguð að. Manneskjurnar geta hinsvegar lifað í flestu umhverfi, hendur okkar eru frjálssar og við getum valið hvernig við viljum verka í heiminum. Dýr eru hæfileikarík á sínu sérstaka sviði en líka bundin sinni tegund. Með því að skoða dýrin getum við betur skilið okkur sjálf. Hvernig samverka/ hvernig vinna skynfæri okkar saman til þess að við getum skynjað umheiminn? Hvernig vinnur blóðrás, öndunarfæri og meltingin saman? (hur samverkar?). Hvernig gera útlímur okkar svo við getum hreyft okkur og verkað í heiminum? Hvað er svona merkilegt við hendur okkar? Með aðstoð þeirra getum við skapað eða eytt, klappað eða slegið, faðmað eða ýtt í burtu, með höndum okkar getum við skapað fyrir heiminn eða rænt. Hvað sem við veljum þá veljum við sjálf. En á endanum verðum við alltaf að standa fyrir afleiðingum þess sem við veljum að gera.
---------------------------------------	--

Landafræði

Tímabil Haustönn 03.01-28.01	Í 4.-5. bekk eiga nemendur að staðsetja sjálfa sig í heiminum og byrja að rannsaka svæðið í kringum sig. Landafræði verður þema sem rúmar margt, fyrsta skrefið gæti til dæmis verið að fylgjast með gangi sólar yfir daginn. Þau teikna kort af skólasvæðinu, ímynda sér leiðina frá heimili sínu og í skólann, teikna og gera einföld kort. Þar á eftir stækkar svæðið þar til að lokum allt landið er skoðað.
------------------------------------	--

Umhverfismennt

Garðyrkja Vorönn Tímabil 16.05-10.06	Nemendur vinna í matjurtagörðum skólans við uppskeru, almenna garðumsjón og umhirðu. Nemendur nýta hráefni úr garðinum til súrsunar og sultunar, þurrka jurtir og útbúa te og smyrsl. Nemendur ganga frá matjurtagarðinum og undirbúa fyrir veturinn. Nemendur vinna að plöntun og setja niður útsæði undir leiðsögn kennara. Matjurtagarður undirbúin undir sumarið og vaxtatíma jurtanna. Bera áburð á jarðveg.
---	---

Íþróttir og hreyfing

Tímabil Reglulega yfir allt skólaárið	Hreyfing/íþróttir verða með ýmsu sniði. Þá er aðallega notast við umhverfið sem svæðið í kringum skólann hefur uppá að bjóða. Farið verður í fjallgöngur, gönguferðir og ýmsa leiki svo eitthvað sé nefnt. Nemendur fá einnig sundkennslu.
Sund	Nemendur í 4. bekk fara einu sinni í viku í sund á haustönn og 5. bekkur á vorönn.
Ólympíuvika 17.05-20.05	Ólympíuleikar eru settir upp í anda hinna upphaflegu forn-grísku leika og sameinast allir nemendur skólans sem þátttakendur á sérstökum íþróttadegi, en haldin er vikulöng íþróttahátíð í tengslum við leikana.

Lífsleikni

Samþætt við leiklist, samfélagsfræði, vettvangsferðir, skólaferðalög og með þátttöku í	Á miðstigi er lífsleikni einnig samofin öðrum fögum. Markmiðið er að nemandinn rækti með sér andleg verðmæti, líkamlegt heilbrigði og sálrænan styrk. Verkefni krefjast almennt aukins sjálfstæðis, áræðni og sköpunar. Í leiklist fá nemendur tækifæri á að efla tjáningarmáta og setja sig í hlutverk annara. Leikræn tjáning og uppsetning leikrita krefst skipulags, hugmynda og
--	---

Waldorfskólinn í Lækjarbotnum

<p>Lýðræðislegum ákvarðanatökum innan skólasamfélagsins.</p> <p>Furudalsvika 20.09-15.10</p>	<p>framkvæmdavilja. Í samfélagsfræði er gefið rými að ræða um ýmsar ólíkar samfélagstegunda hinna fornu menningarþjóða og setja þær í samhengi við nútíma samfélagsskipan.</p> <p>Dagsferðir og bekkjar samvera eru skipulagðar af bekkjunum. Öruggur og jákvæður vettvangur er skapaður innan kennslustofunnar og utan til að nemendur geti deilt eigin reynslu með samnemendum sínum og hlustað á reynslu annarra.</p> <p>Nemendur taka virkan þátt fjölbreyttu starfi skólasamfélagsins utan skólatíma sem gefur tækifæri til að efla félagsþroska, æfa sig í samskiptum við alla aldurshópa og vinna að settum markmiðum skólastarfsins.</p> <p>Nemendur taka þátt í að skapa lifandi skólamenningu með ýmsum hætti, m.a. þátttöku í undirbúningi og framkvæmd ýmissa hátíða, lífsleikniviku, þemadaga og jólabasar.</p> <p>Lífsleikni vika Nemendur fara eftir morguntíma í Furudal. Nemendur fara í hlutverkaleik þar sem iðnir þorpsbúar byggja einföld hús, gera hlóðir, kveikja elda, baka pinnabrauð, tálga, jurtalita ullarband og berjast við dreka sem búa í nærliggjandi skógi. Allir nemendur taka þátt ásamt kennurum og starfsfólki skólans.</p>
--	---

Heimildaskrá:

Aðalnámskrá grunnskólanna, Sótt af . <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

Læreplan for Steinerskolerne. Skólanámskrá Waldorfskólanna í Noregi. Sótt af <https://www.steinerskole.no/pedagogikk/laereplan/>

En väg til frihet, skólanámskrá Waldorfskóla í Svíþjóð. Sótt af <http://www.uppsalawaldorfskola.nu/wp-content/uploads/2018/01/en-vag-till-frihet.pdf>